

## **383. – Stjórnarfundur LEB 24. maí 2024**

**Kl. 14.30 – Ármúla 6**

### **Mættir:**

**Aðalstjórn:** Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Þóra Hjaltadóttir og Þorbjörn Guðmundsson

**Varastjórn:** Ásgerður Pálsdóttir og Margrét Halldórsdóttir.

**Forföll:** Magnús Jóhannes Magnússon

Oddný Árnadóttir skrifstofu- og markaðsstjóri LEB sat fundinn og ritaði fundargerð.

### **1. Ný Stjórn boðin velkomin og skipting verkefna**

Formaður setti fund og bauð nýja meðlimi stjórnar velkomna, þær Þóru Hjaltadóttur og Margréti Halldórsdóttur. Stjórnin skipti með sér verkum og var tillaga formanns samþykkt þannig að Drífa Sigfúsdóttir verður (áfram) varaformaður, Sigrún C. Halldórsdóttir (áfram) gjaldkeri og Þóra Hjaltadóttir verður ritari. Eftir sem áður mun skrifstofustjóri sitja fundi og rita fundargerðir í samráði við ritara stjórnar.

### **2. Fundartímar stjórnar.**

Formaður leggur til að stjórn hafi fasta fundartíma, fyrsta þriðjudag í mánuði. Engar athugasemdir voru við það og var það samþykkt. Fundir verða blandaðir stað- og fjarfundir. Gert er ráð fyrir að eftir sumarleyfi verði fundir festir niður á fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði.

### **3. Næsti landsfundur**

Ræddar voru hugmyndir um hvar mætti halda næsta landsfund. Ákveðið var að gera forkönnun á tveimur stöðum. Þóra Hjaltadóttir tekur að sér að kanna möguleikana á Akureyri og Drífa Sigfúsdóttir kannar möguleikana í Keflavík (Reykjanesi).

### **4. Starfsnefndir LEB**

Samþykktur var listi yfir þær nefndir sem ætlað er að starfa nk. ár. Tillögur komu um aðila til að starfa í þeim nefndum og verður rætt við þá aðila á næstunni. Listi yfir nefndir og nefndarfolk verður birtur þegar það liggur fyrir hverjir taka að sér verkefni. Ákveðið að leggja fram n.k. erindisbréf fyrir þær nefndir sem eru með stærstu hagsmunamálin

### **5. Hvernig náum við árangri**

Beiðni hefur verið send til nýs fjármálaráðherra um fund með honum á næstunni. Við viljum koma á fót samráðsnefnd um kjör eldri borgara. Það er ótækt að við höfum ekki aðkomu að kjaramálum eldri borgara og það hefur sýnt sig að skortur á samráði hefur komið niður á kjörum, sérstaklega þeim lægstu. Í þessu hópi þyrftu að vera fulltrúar frá ráðuneytum og stéttarfélögum ásamt fulltrúum frá LEB. Skoða þarf hverju ríkisstjórnarflokkarnir hafa lofað og fylgja því eftir.

## 6. Ráðstefna um öldungaráðin í haust

Stefnum á að halda ráðstefnu í haust og bjóða sveitarstjórnnum (SIS) og verkalýðshreyfingunni að vera með. Ákveðið að skrifstofustjóri LEB og formaður kjaranefndar hefji undirbúning að þessu og kalli til fleiri með sér. Nefnt var t.d. að bjóða formanni FEBH að vera með.

## 7. Húsnæðismál

Ákveðið að taka upp samtal við Reginn (leigusala okkar). Aðgengi að núverandi húsnæði er óásættanlegt, t.d. engin lyfta í húsinu, þrátt fyrir að henni hafi verið lofað fyrir þremur árum síðan.

## 8. Önnur mál

- Gjaldkeri benti á að reglur sem stjórn setti um þátttöku í kostnaði fulltrúa félaganna við landsfund. Fundurinn samþykkti að lögin gildi og kostnaður verður greiddur af hálfu.
- Útburður einstakra félaga á blaðinu. Gjaldkeri benti á að póstkostnaður er kr. 370.- á hvert blað. **Fundurinn samþykkti að greiða helming af því, eða kr. 185.-** fyrir hvert blað sem félagsmenn bera sjálfir út. Einnig var samþykkt að fá aðildarfélögin í átak í haust við að uppfæra netfangalista sína til að auðvelda rafræna sendingu á LEB blaðinu í framtíðinni. Við stefnum á að blaðið verði eingöngu borið út til þeirra sem þess óska, annars fá félagsmenn það rafrænt.
- LEB hefur fengið boð á vinnustofu GEV (Gæða og eftirlitsstofnunar velferðarmála). Varaformaður LEB tekur að sér að mæta og upplýsir stjórnina á næsta fundi.
- Formaður kjaranefndar upplýsti um stöðu mála hjá Framkvæmdasjóði aldraðra. Mjög margar umsóknir hafa borist en upphæðin til skiptanna er rúmur milljarður. Megnið af því sem á að gera á næsta ári eru endurbætur á núverandi húsnæði og tækni/tæjabúnaði.
- Bent var á að verkefnið Bjartur lífsstíll mun renna sitt skeið í árslok en fundarmenn sammála um að nauðsynlegt sé að halda því áfram í einhverju formi. Formaður tekur að sér að ræða þetta mál við ÍSÍ til að finna góða lausn.
- Fundargerð síðasta fundar var ekki borin upp á fundinum en verður birt þegar rafrænt samþykki liggur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05

Fundargerð samþykkt xx.júní 2024

---

Helgi Pétursson, formaður LEB